



SJÚKRAFLUTNINGAR NÝBURA Á ÍSLANDI

Þegar nýburi (0-28 daga), sem fæðist utan Landspítala, þarf á frekari meðferð á að halda, er í öllum tilvikum haft samband við vakthafandi nýburalækni á Vökudeild Barnaspítala Hringins, sími 825 3536, til ráðgjafar um meðferð og skipulagningu flutnings.

Við bráð veikindi barns 0-3 mánaða þar sem líklegt er að komi til gjörgæslumeðferðar er einnig haft samband við vakthafandi nýburalækni á Vökudeild, sími 825 3536, til ráðgjafar um meðferð og skipulagningu flutnings.

Æskilegt er að eftirfarandi upplýsingar komi fram í upphafi samtals, ef aðstæður leyfa:

Staða

Hver hringir, starfsheiti og hvaðan er hringt?

Meðgöngulengd, fæðingarstund og hvert er megin vandamálið?

Bakgrunnur

Nafn móður og kennitala, vandamál á meðgöngu og í fæðingu, fæðingarmáti, lyfjameðferð móður, þyngd barns og Apgar, meðferð barns við fæðingu.

Athuganir

Lífsmörk, einkenni frá öndunarfærum og/eða blóðrás, inn grip, helstu niðurstöður rannsókna ef við á. Öndunarstuðningur, næringar-/vökvagiöf, æðaleggir, taugakerfi (tónus, krampar).

Ráðleggingar

Við lok samtals þurfa að liggja fyrir ráðleggingar um áframhaldandi meðferð barns og hvort heilbrigðisstarfsmaður tilvísandi sjúkrastofnunar eða sjúkraflutningateymi Vökudeildar sjá um flutning þess. Að öllu jöfnu sér sjúkraflutningateymið um flutninginn.

Skipulag flutnings

- Tilvísandi læknir og sérfræðilæknir Vökudeildar ákveða í sameiningu hvernig flutningur fer fram (sjúkrabíll, sjúkraflugvél eða þyrta) og hvor hringir í Neyðarlínuna (112) og pantar flutning. Starfsmaður Neyðarlínunnar sér síðan um að virkja viðeigandi flutningsaðila.
- Ef þörf er á sjúkraflugi er sjúkraflutningateymi Vökudeildar sótt á Reykjavíkflugvöll eins fljótt og auðið er og flogið þaðan til barns sem þarfnast meðferðar.
- Ef líklegt er að tafir verði á sjúkraflugi eru möguleikar á aðstoð Landhelgisgæslu við að flytja sjúkraflutningateymi Vökudeildar til barns kannaðir.
 - Í slíkum tilvikum er sjúkraflugi einnig beint til barns til að tryggja öruggan flutning frá staðnum á Landspítala.
 - Ef um er að ræða hótandi fæðingu þar sem hætta er fyrir bæði móður og barn eru kölluð út tvö sjúkraflugsteymi, þar sem annað þeirra er sjúkraflutningateymi Vökudeildar.